

Þriðjudaginn 11. apríl 1995.

Nr. 266/1992. **BYKO-Byggingavöruverslun Kópavogs hf.**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

Gísla Braga Hjartarsyni og

Páli Alfreðssyni

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Skaðabætur. Gjaldþrotaskipti. Hlutfélög. Ábyrgð stjórnarmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1992. Krefst hann þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 4.077.265 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum frá 21. júlí 1989 til greiðsludags, eins og lýst er í kröfugerð hans í héraði, allt að frádregnum 129.332 krónum ásamt dráttarvöxtum frá 1. nóvember 1994 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Stefndu voru tveir þriggja stjórnarmanna og aðalhluthafa í félaginu Híbýlum hf. á Akureyri, sem stofnað var 1970 og hafði þar með höndum allumfangsmikla byggingarstarfsemi, en bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta í október 1989 að beiðni stefndu sjálfra. Um fjárhag félagsins fyrir gjaldþrotið liggja frammi ársreikningar þess fyrir starfsárin 1984-1988, sem gerðir voru eftir bókum þess með aðstoð löggiltra endurskoðenda og lagðir til grundvallar skattframtölum næsta árs. Áritanir á reikningana gefa til kynna, að þeir hafi ekki sætt endurskoðun, en engar líkur hafa verið að því leiddar, að þeir hafi gefið ranga mynd af efnahag félagsins. Af reikningunum má sjá, að félagið bjó við þunga skuldabyrði og neikvæða eiginfjárstöðu öll þessi ár. Starfsemi þess var þó haldið áfram í svipuðu fari þetta tímabil, og var aðhaldsaðgerðum beitt að sögn stefndu til

að gera það kleift. Verkefnastaða félagsins síðustu starfsárin var góð að sögn stefndu og annarra.

Í málinu hefur verið lögð fram skrá um lýstar kröfur í protabú félagsins og skrá um úthlutun upp í almennar kröfur, en búskiptum lauk haustið 1994. Á hinn bóginn liggur ekkert fyrir um stöðu einstakra krafna eða viðskipta á tímabilinu fyrir gjaldþrotið, er af verði dregnar ályktanir um, að félaginu hafi ekki tekist að standa í skilum við viðskiptamenn sína. Verður meðal annars ekki séð, að innheimta á kröfum vegna skuldbindinga þess hafi komið til kasta dómstóla. Um fullnustugerðir er það eitt fram komið, að beðið hafi verið um uppboð á fasteign félagsins vegna innheimtu opinberra gjalda í ársbyrjun 1988, án þess að það væri leitt til lykta.

Hin umdeildu viðskipti áfrýjanda og félagsins hófust sumarið 1988, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Gera verður ráð fyrir, að áfrýjandi hafi ekki síður átt frumkvæði að þeim en félagið, þar eð um var að ræða sérstaka tegund múrhuðunarefnis, sem hann var að kynna á markaðnum. Fyrir liggur, að félagið stóð áfrýjanda skil vegna þeirra viðskipta, sem það átti við hann fram til aprílmánaðar 1989. Var síðasta greiðsla þess til hans innt af hendi 4. ágúst sama ár upp í víxilskuld vegna vöruúttekta í apríl.

Krafa áfrýjanda á hendur stefndu er á því reist, að þeir hafi sem stjórnarmenn bakað sér skaðabótaábyrgð með því að láta félagið gangast undir skuldbindingar við hann, sem þeir vissu eða máttu vita, að það myndi ekki geta efnt réttilega. Vísar hann til almennrar skaðabótareglu og til ákvæða í þágildandi lögum nr. 32/1978 um hlutafélög og gjaldþrotalögum nr. 6/1978 auk almennra hegningarlaga. Einkum heldur hann því fram í þessu tilliti, að fjárhag félagsins hafi verið svo komið, áður en stofnað var til viðskiptanna, að stefndu hafi verið orðið skylt að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta samkvæmt 14. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt gögnum málsins var starfsárið 1985 félaginu erfitt, en árið 1986 hagstætt eftir atvikum, þótt hagnaður yrði ekki af rekstrinum. Uppgjör eftir árið 1987 leiddi í ljós, að hagur félagsins hafði versnað á því ári. Á hinn bóginn eru engin gögn fram komin um það, þegar fyrrgreind uppboðsbeiðni er frá talin, að félagið hafi verið í vanskilum við lánardrottna um þær mundir, er uppgjórið lá fyrir. Er ósannað, þegar til alls er litið, að stefndu hafi þá séð fram á,

að félagið myndi ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra féllu í gjalddaga, en viðskiptin við áfrýjanda voru hafin skömmu eftir þetta tímamark. Ósannað er á sama hátt, að stefndu hafi séð fram á þetta fyrstu mánuði ársins 1989, og viðskipti félagsins við áfrýjanda höfðu þá ekki leitt til vanefnda.

Um stöðu áfrýjanda er einnig á það að líta, að hann lét viðskiptin vorið 1989 ganga fram án þess að láta á það reyna, hvort tilmælum hans um persónulegar ábyrgðir af hálfu fyrirsvarsmanna félagsins yrði sinnt, en þess átti hann fullan kost. Verður skaðabótaábyrgð á hendur stefndu ekki á því reist, að þeir hafi brugðist honum í þessu efni.

Með skírskotun til þess, sem hér var rakið, er á það fallist með héraðsdómara, að stefndu eigi að vera sýknir af kröfum áfrýjanda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 24. mars 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Byko – Byggingavörverslun Kópavogs hf., kt. 460169-3219, Nýbýlavegi 6, Kópavogi, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 30. apríl 1991, á hendur Gísla Braga Hjartarsyni, kt. 200839-7819, Hamragerði 18, Akureyri, og Páli Alfredssyni, kt. 150345-2049, Klettagerði 5, Akureyri, til heimtu skaðabóta, að fjárhæð 4.077.265 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður [...]. Til vara krefjast þeir þess, að stefnufjárhæðin verði lækkuð mjög verulega og málskostnaður felldur niður.

I.

Málavextir eru þeir, að 5. mars 1970 var stofnað hlutafélagið Híbýli hf., kt. 410370-0139, með varnarþing á Akureyri. Tilgangur þess var byggingastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur svo og lánastarfsemi. Stofnfé var 300.000 gkr. Stefndi Gísli var skráður fyrir 90.000 gkr., en stefndi Páll fyrir

100.000 gkr. Hörður Tulinius var skráður fyrir 90.000 gkr., Erna Tulinius, eiginkona Harðar, og Aðalheiður Alfreðsdóttir, eiginkona stefnda Gísla, fyrir 10.000 gkr. hvor. Samkvæmt tilkynningu til Hlutafélagaskrár, sem var móttækin 10. 3. 1970, var stefndi Gísli kosinn formaður félagsins, en meðstjórnendur stefndi Páll og Hörður Tulinius. Framkvæmdastjóri var kosinn Hörður Tulinius. Samkvæmt starfssamningum, sem dagsettir eru 11. febrúar 1981, voru stefndi Gísli og stefndi Páll aðalverkstjórar fyrirtækisins, hvor á sínu sviði, en Hörður Tulinius var framkvæmdastjóri og fór ásamt aðstoðarframkvæmdastjóra með ákvörðunar- og úrskurðarvald um allan daglegan rekstur og hafði á hendi prókúru fyrirtækisins.

Fyrirtækið var rekið með tapi frá og með árinu 1985, og eigið fé þess lækkaði úr því að vera neikvætt um 15.690.700,14 kr. í lok þess árs í að vera neikvætt um 52.740.923,25 kr. í árslok 1988.

Stefnandi og Híbýli hf. hófu viðskipti í júlímánuði árið 1988. Hinn 10. nóvember það ár sömdu fyrirtækin um viðskipti með pússningarefni, þar sem stefnandi skuldbatt sig til að selja ekki öðrum aðilum á Norðurlandi eystra og vestra efnin, en Híbýli hf. tóku að sér að kynna efnin á Norðurlandi og annast sölu þeirra og ásetningu. Árið 1988 keyptu Híbýli hf. vörur af stefnanda fyrir 2.053.188 kr., en fyrir 5.493.674 kr. frá 1. janúar 1989 til 19. júlí það ár. Vegna vöruúttekta Híbýla hf. hjá stefnanda í apríl 1989 samþykktu Híbýli hf. víxil, að fjárhæð 1.055.300 kr., með gjalddaga 7. 7. 1989 og annan, að fjárhæð 1.143.160 kr., með gjalddaga 21. 7. 1989, sem báðir voru út gefnir af stefnanda 19. 5. 1989. Vegna vöruúttekta Híbýla hf. hjá stefnanda í maí 1989 samþykktu félagið víxil, að fjárhæð 905.485 kr., með gjalddaga 21. 8. 1989 og annan, að fjárhæð 852.420 kr., með gjalddaga 15. 8. 1989, sem báðir voru út gefnir af stefnanda 20. 6. 1989. Híbýli hf. samþykktu jafnframt víxil, að fjárhæð 300.000 kr., pr. 25. 8. 1989, sem var gefinn út af stefnanda 11. 7. 1989.

Ársreikningur Híbýla hf. fyrir árið 1988 er dagsettur 21. júní 1989. Hörður Tulinius lést 21. ágúst 1989. Eftir lát hans reyndu stefndu að selja félagið Ís-taki hf. án árangurs, og gáfu þeir félagið þá upp til gjaldþrotaskipta 11. október 1989. Skiptaráðandi úrskurðaði félagið gjaldþrota daginn eftir. Stefnandi lýsti kröfum í búið skv. ofangreindum víxlum að frádreginni innborgun á víxil með gjalddaga 7. júlí 1989, svo að hann taldist þá að höfuðstól 693.068 kr., en að viðbættum 183.132 kr. skv. viðskiptareikningi í júní og júlí 1989, alls að höfuðstól 4.077.265 kr., sem eru stefnukrafa máls þessa. Kröfurnar voru samþykktar í búið. Skv. yfirlýsingu skiptastjóra, dagsettri 23. febrúar 1991, er mjög ólíklegt, að nokkuð greiðist upp í almennar kröfur og þá því aðeins, að hæstaréttarmál búsins gegn Akureyrarbæ vinnist.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að þegar Híbýli hf. hafi falast eftir viðskiptum við stefnanda í júní 1988, hafi félagið verið rekið með sívaxandi tapi samfellt frá 1985. Jafnframt hafi eiginfjárstaða félagsins verið orðin neikvæð og hefði verið það allt frá 1985. Telur hann, að þegar árið 1985 hafi fjárhag félagsins verið svo komið, að skylt hafi verið skv. 14. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978 að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta. Þrátt fyrir það hafi rekstri félagsins verið haldið áfram í nokkur ár, án þess að stjórnarmenn og aðaleigendur félagsins gripu til nokkurra ráðstafana til að rétta við fjárhag þess.

Með því að kaupa vörur gegn gjaldfresti við þær kringumstæður, sem hér hefur verið lýst, og einkum á síðustu mánuðum fyrir gjaldþrot félagsins hafi stefndu stofnað til skulda, sem að mun hafi rýrt efnahag félagsins og skert þannig rétt almennra kröfuhafa til að öðlast fullnægu í þrotabúi þess. Hafi þeir þannig brotið gegn 1. mgr. 4. tl. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Auk þess telur stefnandi, að stjórnarmenn Híbýla hf. hafi vísitandi leynt því fyrir forsvarsmönnum hans, hvernig hag Híbýla hf. var komið, er falast hafi verið eftir viðskiptum við stefnanda, og nýtt sér þá staðreynd, að fyrirsvarmönnum stefnanda hafi ekki verið kunnugt um hina vonlausu stöðu Híbýla hf. Hafi stjórnarmenn Híbýla hf. þannig brotið gegn 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Telur stefnandi, að með því að stofna til viðskipta milli Híbýla hf. og stefnanda á tímabilinu frá 14. 6. 1988 til loka júlí 1989 við þær kringumstæður, sem hér hefur verið lýst, hafi stefndu sem stjórnarmenn Híbýla hf. brugðist skyldum sínum gagnvart Híbýlum hf. svo og gagnvart stefnanda. Telur hann, að einum og hálfum mánuði eftir, að stefnandi og Híbýli hf. tóku upp viðskipti, nánar tiltekið 26. júlí 1989 (sic), hafi stefnda Gísli verið orðið ljóst, að til gjaldþrots Híbýla hf. gæti komið, hvenær sem væri, og hann því skráð eiginkonu sína fyrir helmingi fasteignarinnar að Hamra-gerði 18, Akureyri, en stefndi Gísli hefði einn verið skráður eigandi eignarinnar áður.

Kveðst stefnandi reisa skaðabótakröfu sína á því, að stefndu hafi mátt vera ljóst, er stofnað hafi verið til skuldbindinga í nafni Híbýla hf. við stefnanda, að engar líkur hafi verið til þess, að unnt væri að halda áfram starfsemi félagsins án tjóns fyrir kröfuhafa. Hafi stefndu þannig valdið stefnanda tjóni með saknæmum og ólögmætum hætti, sem þeir beri persónulega ábyrgð á.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að þrátt fyrir sérstakt áfall Híbýla hf.

árið 1985, þegar sala á fjölbýlishúsi við Múlasíðu til Verkamannabústaða brást, hafi stjórnendur félagsins haft ástæðu til þess að ætla, að félagið gæti unnið sig út úr þeim vanda, sem það var í. Tilboðastefna félagsins hafi verið endurskoðuð árið 1987, og eftir það megi segja, að flestöll verk hafi skilað hagnaði, svo og hafi kostnaður félagsins verið lækkaður eftir föngum. Það hafi ekki verið fyrirsjáanlegt fyrir en eftir gerð ársreiknings fyrir árið 1988, að félagið myndi ekki geta staðið að fullu í skilum við lánardrottna sína, samanber 14. gr. 1. nr. 6/1978. Þegar er stefndu hafi verið sú niðurstaða kunn, hafi þeir hafið björgunaraðgerðir, en tilraun til þess að selja félagið Ístaki hf. ekki tekist og þeir þá þegar farið þess á leit, að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta, það er 11. október 1989.

Stefndu mótmæla því, að 14. gr. gjaldþrotalaga eigi við í málinu, og telja með vísan til fullyrðingar stefnanda um, að skylt hafi verið að gefa Híbýli hf. upp til gjaldþrotaskipta þegar árið 1985, að í ljós hafi komið á næstu árum, að félaginu hafi tekist að standa í skilum við lánardrottna sína, þegar kröfur þeirra féllu í gjalddaga, enda hafi orðið breytingar á rekstri fyrirtækisins. 14. gr. gjaldþrotalaga eigi því ekki við, og engin ábyrgð verði þess vegna felld á stefndu fyrir að gefa félagið ekki upp til skipta miklu fyrir en raun varð á. Það hafi verið að frumkvæði stefnanda, að þau sérstöku viðskipti hófust, sem séu tilefni skaðabótakröfunnar. Stefndu mótmæla yfirlýsingu stefnanda um orðaskipti Harðar Tulinius og Árna Árnasonar sem ósönnuðum og ósannanlegum. Stefndu hafi verið vel kunnugt, að Híbýli hf. áttu í erfiðleikum, er hin sérstöku viðskipti hófust, og af þeim ástæðum hafi starfsmaður stefnanda á Akureyri farið þess á leit við stefndu, að þeir tækju á sig persónulega ábyrgð á skuldum Híbýla hf. við stefndu. Þessu hafi stefndu neitað með vísan til þess, að þeir væru þegar í miklum ábyrgðum fyrir félagið. Stefndandi hafi því ekki verið leyndur því, að hagar Híbýla hf. væri mjög erfiður. Skaðabótakröfur á hendur stefndu verði ekki rökstuddar með tilvísun til verknaðar annars manns, sem að auki sé algjörlega ósannaður. Ekkert hafi verið leitt fram, sem sýni ásetning stefndu eða auðgunarvilja, og sé því vandséð, hvernig ætluð brot þeirra verði færð til refsíákvæða. Því sé sérstaklega mótmælt, að yfirlýsing stefnda Gísla á dskj. nr. 26 um óskipta sameign hans með eiginkonu sinni á fasteign fjölskyldunnar að Hamragerði 18 komi fjárhagsstöðu Híbýla hf. nokkuð við. Þar sem ekki sé kaupmáli með þeim hjónum, hafi þessi yfirlýsing í raun engu breytt um eignarrétt að fasteigninni.

Stefndu hafi haft lögmetta ástæðu til að ætla fram til síðsumars 1989, að bjarga mætti fjárhag Híbýla hf., og hefðu þeir tekið á sig miklar persónulegar ábyrgðir í því skyni, eins og stefndu hafi verið kunnugt. Þar eð stefndu

hafi haft lögmæta ástæðu til að ætla, að fjárhag félagsins yrði bjargað, og sýnt það með verkum sínum, verði ekki litið svo á, að þeir hafi með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyzi unnið stefnanda tjón með saknæmum og ólög-mætum hætti.

Jafnvel þótt svo yrði talið, hafi stefnandi ekki sýnt fram á, að bótakrafa hans sé sennileg (vávæn) afleiðing þeirra aðgerða eða aðgerðaleyxis, og sé varakrafa stefndu við það miðuð.

Enn fremur sé því mótmælt, að stefnandi geti nokkurn rétt reist á 52. og 61. grein laga um hlutafélög né heldur ákvæðum 5. greinar félagssamþykktu Híbýla hf. Auk þess vísa stefndu til 1. gr. 1. um hlutafélög nr. 32/1978 til stuðnings sýknukröfu sinni.

III.

Stefndu hafa gefið skýrslu hér fyrir dómi. Einnig hafa gefið skýrslu fyrir dóminum Árni Árnason, stjórnarformaður stefnanda, og vitnin Jóhannes Snorrason tæknifræðingur og Magnús Garðarsson tæknifræðingur.

IV.

Ekki þykir sannað gegn mótmælum stefndu, að þeir hafi lofað stefnanda að ábyrgjast persónulega úttektir Híbýla hf. hjá stefnanda né gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að þeir myndu ganga í slíka ábyrgð.

Leggja verður til grundvallar, að viðskipti stefnanda við Híbýli hf. hafi komist á fyrir atbeina Harðar Tulinius af hálfu Híbýla hf. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á, að stefndu hafi vísitandi leynt stefnanda fjárhagsstöðu Híbýla hf. eða gefið í skyn við stefnanda, að hún væri betri en raun var á, enda hefur ekki komið fram í málinu, að stefnandi hafi leitað eftir upplýsingum hjá stefndu um fjárhagsstöðu Híbýla hf.

Með hliðsjón af framangreindu og eins og málið liggur fyrir, þykir ekki verða felld bótaábyrgð á stefndu með vísun til 248. gr. eða 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki liggur fyrir, að formlegir aðalfundir né stjórnarfundir hafi verið haldnir í félaginu, en ekki þykir hafa verið sýnt fram á, að vanræksla stjórnenda Híbýla hf. um það hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda.

Telja verður, að stefndu hafi sem stjórnarmönnum Híbýla hf. borið að bregðast við bágrri efnahagsstöðu félagsins fyrr en raun varð á. Þrátt fyrir það verður að taka tillit til þess, að í skýrslu stjórnarformanns stefnanda hér fyrir dómi kom fram, að venja hefði verið hjá stefnanda að ganga eftir persónulegum ábyrgðum stjórnarmanna fyrirtækja, sem tekin voru í viðskipti, nema um væri að ræða traust fyrirtæki. Var svo gert gagnvart Híbýlum hf., þegar er viðskipti félaganna hófust. Þrátt fyrir það að stefnanda bárust ekki ábyrgðir stjórnarmanna Híbýla hf., hélt hann lánsviðskiptum

áfram um margra mánaða skeið og jók þau stórlega árið 1989. Verður að telja, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, að hann væri að taka á sig verulega áhættu með viðskiptunum, og þykir það eiga að leiða til þess, að honum verði ekki dæmdar bætur úr hendi stefndu fyrir tjón hans af gjaldþroti Hí-býla hf. Verður því að sýkna þá af skaðabótakröfu stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Erlingur Sigtryggsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóminn. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans við önnur embættisstörf, sem ekki þoldu bið.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Gísli Bragi Hjartarson og Páll Alfreðsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Byko-Byggingavöruverslunar Kópavogs hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
